

## 20. Fundargerð Loftslagsráðs

5. febrúar 2020  
kl 10.00 - 12.00

### Mættir:

Ragnhildur Freysteinsdóttir, Guðfinna Th. Aðalgeirsdóttir, Halldór Þorgeirsson, Brynhildur Davíðsdóttir, Hrönn Hrafnisdóttir, Ragnar Frank Kristjánsson, Sigurður Thorlacius, Árni Finnsson, Gunnar Dorfi Ólafsson, Jóhanna Harpa Árnadóttir.

**Varafulltrúar:** Heimir Janusarson f.h. ASÍ, Pétur Blöndal f.h. SA, Berglind Ósk Alfredsdóttir f.h. BÍ, Helga Ögmundardóttir f.h. Háskólasamfélagsins

### 1. Fundargerð seinasta fundar

Fundargerð 19. fundar Loftslagsráðs þann 22. janúar var samþykkt.

### 2. Innviðir kolefnisjöfnunar

#### a. Umræðuplagg Environice um kolefnisjöfnun

Kolefnisjöfnun og samhengi hennar við kolefnishlutleysi hefur reglulega komið upp á fundum ráðsins og var ákveðið að full ástæða væri fyrir ráðið að taka viðfangsefnið föstum tókum. Margt er óljóst varðandi hvernig kolefniseiningar verða til og hvernig viðskipti með slíkar einingar fara fram. Ákveðið var að fá ráðgjafafyrirtækið Environice til að vinna greiningu á stöðunni til að auðvelda ráðinu að fjalla um málið og átta sig á stöðu mála.

Stefán Gíslason hefur unnið greininguna ásamt Birnu Hallsdóttur og var niðurstaðan gerð aðgengileg fulltrúum og varafulltrúum fyrir fundinn. Stefán kom til fundar við ráðið.

Tilgangur vinnunnar var m.a. að fjalla um kolefnisjöfnun og hvernig nýta má hana á ábyrgan hátt sem hluta af viðbrögðum við loftslagsvá. Innviðir (þ.m.t. markaður fyrir kolefnisjöfnun) eru að þróast hratt og því brýnt að formgera þau skilyrði sem markaðurinn þarf að uppfylla til að tryggja áreiðanleika, gagnsæi og heilbriggt samkeppnisumhverfi. Í skjalinu gefur Environice yfirlit yfir helstu innviði en ekki nákvæma greiningu á einstökum þáttum.

Kom m.a. fram:

- Yfirlit yfir helstu hugtök.
- Reglur um útreikninga á losun GHG (e. *GHG protocols*).
- Mikilvægi þess að draga úr losun og auka bindingu eins og unnt er. Kolefnisjöfnun (t.d. með bindingu) kæmi þá aðeins til að mæta þeirri losunar sem ekki er unnt að draga úr með aðgerðum.
- Farið var yfir lágmarkskröfur til kolefniseininga en þær skulu vera, raunverulegar, mælanlegar, varandlegar, viðbót við það sem ella hefði orðið, einnota, lekafríar og staðfestar (vottaðar) af óháðum aðila.
- Kolefniseiningar ættu að vera gefnar út og skráðar í samræmi við mældan árangur verkefna.

- Innviðir innanlands eru lausir í sér og í örri þróun
- Engin eiginleg vottun skv. óháðum staðli
- Ólíklegt að þeir sem reiða sig á eigin yfirlýsingar eða heimatilbúna vottun endist lengi á markaði, nema þá á e-s konar B-markaði
- Vottun skv. staðli sem ICROA viðurkennir besta fánlega tryggingin fyrir trúverðugleika.
- Megintillaga umræðuplaggs:  
Að íslensk stjórnvöld hafi frumkvæði að því að styrkja innviði kolefnisjöfnunar héraendis með því að
  - o Vekja athygli á mikilvægi trúverðugar vottunar
  - o Greiða götu íslenskra aðila sem vilja afla sér slíkrar vottunar
  - o Beina eigin viðskiptum til aðila með viðurkennda vottun

#### Næstu skref:

Ákveðið var að fá gerendur að borðinu í samtal um kolefnisjöfnun og vottanir. Loftslagsráð myndi bjóða fulltrúum Skógræktar, Landgræðslu, aðilum sem bjóða bindingarþjónustu, Votlendissjóði, ásamt fulltrúum UST og UAR á óformlegan samráðsfund þar sem rætt yrði

- Aðferðafræði við mat á hraða bindingar og útgáfu kolefniseininga
- Mat á varanleika bindingar og ráðstafanir til að vega upp viðsnúning
- Vottun á verkefnum, mælingum og vinnuferlum við kolefnisjöfnun
- Skráning á kolefniseiningum (nýskráning, eignarhald, viðskipti, afskráning)

Mikilvægt er að tryggja að innviðir séu góðir því þetta snýst um ábyrgð, gagnsæi, trúverðugleika og góða viðskiptahætti og er nauðsynlegt að tryggja að raunverulegur árangur náist í verkefnum er tengjast landnotkun

### 3. Aðgerðaáætlun

Kynning frá umhverfisráðuneyti um stöðu aðgerðaáætlunar í loftslagsmálum.

Helga Barðadóttir, sérfræðingur á skrifstofu hafs, vatns og loftslags hjá UAR kynni stöðuna.

- Unnið er að annarri útgáfu aðgerðaráætlunar í loftslagsmálum.
- Dreift var lista yfir aðgerðirnar eins og þær líta út núna en hann gæti breyst.
- Hlutverk Loftslagsráðs er að rýna áætlanir á undirbúningsstigi og finna þarf réttan takt hvernig best er að koma því við. Þetta er í fyrsta skiptið sem það er gert.
- Verkefnið fram undan er að draga úr losun og orka er stór hluti í losun Íslands, þar er mest losun frá samgöngum og fiskiskipum – lögð er áhersla á þá þætti þar sem mest er losunin.
- Margar aðgerðir hafa verið útfærðar betur, sumar þeirra eru næstum óbreyttar einnig eru nýjar aðgerðir.

- Verið er að meta kostnað og greina áhrif á losun. Unnið með greiningar frá ráðgjöfum, s.s. greining á f-gösum o.s.frv. Flókið er að leggja mat á árangurinn og það hefur m.a. tekið tíma að afla gagna til að byggja útreikninga á.
- Brynhildur Davíðsdóttir hefur verið fengin til að skoða gögnin og meta árangur með UST og UAR.
- Verður útgefið plagg, en jafnframt verður sett upp vefsíða - einfaldur og aðgengilegur háttur til að vinna með og auðvelda uppfærslu einstakra aðgerða án þess að gefa út nýja heildaráætlun.
- Yfirflokkarnir hafa breyst til að auðvelda samanburð við bókhald Umhverfisstofnunar og horft er á allt samfélagið í áætluninni.
- Aðgerðir eru mislangt komnar í framkvæmd, sumt er á undirbúningsstigi, annað er nú þegar komið í framkvæmd.

**Fram undan er:**

- Yfirlestur í ráðuneytunum. Í kjölfar fundar verkefnisstjórnar í næstu viku verður hægt að meta stöðu áætlunarinnar og hvenær tímabært sé að senda hana til rýningar í ráðinu en áður en það getur gerst þarf pólitískt samþykki að liggja fyrir.
- Nákvæmt tímaplan liggur ekki fyrir en ráðherrar leggja áherslu á hröð vinnubrögð og stefnt er að því að hún komi út í mars.
- Ljóst er að tími til rýningar verður ekki mjög mikill.

**4. Önnur mál**

**a. Fræðslu og upplýsingahópur**

Mun hittast á föstudag með Auði H. Ingólfssdóttur sem kemur til að koma að vinnslu fræðsluefnis.

**b. Ívilnanahópur**

Varaformaður mun vinna með hópnum. Von er á drögum að greiningu á hagrænum stjórnækjum og rétt er að hópurinn bregðist við þeim drögum þegar þau eru tilbúin.

**c. Frumvarp um breytingu á loftslagslögum**

Alþingi er að fjalla um frumvarp um breytingu á lögum um loftslagsmál sem lýtur að breytingu á hlutverki Loftslagsráðs.

Umsagnarfrestur rennur út á morgun. Þeir sem tilnefna komi sjónarmiðum sínum á framfæri við Alþingi milliliðalaust. Ekki var talið eðlilegt að ráðið sem slíkt taki afstöðu.

**d. Kolefnishlutleysi**

Þann 31. janúar sendu formaður og varaformaður fulltrúum lokatillögu að álit Loftslagsráðs um kolefnishlutleysi sem tók tillit til umræðu á 19. fundi 22. janúar. Óskað var eftir því að fulltrúar gerðu viðvart fyrir hádegi 4. febrúar ef þeir sæju þörf á frekari breytingum. Athugasemdir bárust frá Árna Finnssyni en aðrir fulltrúar lögðu ekki til frekari breytingar. Formanni og varaformanni var falið að funda með honum og gera aðra tilraun til að ná sátt um álit milli funda.

Fleira var ekki rætt og fundi slitið.